

Þörfin fyrir tengsl við uppruna sinn: Afkomendur flóttamanna frá Víetnam

ANH-DAO TRAN, rannsóknasérfræðingur við Háskóla Íslands

ATLI HARDARSON, prófessor við Háskóla Íslands

ÚTDRÁTTUR: Árið 1979 komu 34 flóttamenn frá Suður-Víetnam til Íslands. Þeir höfðu flúið eftir að kommúnistar frá Norður-Víetnam náðu völdum í landinu. Í rannsókninni sem þessi grein byggir á voru tekin viðtöl við ellefu einstaklinga sem eiga foreldri, afa eða ömmu úr þessum 34 manna hópi. Viðmælendur ólust flestir upp við að tala einungis íslensku og rannsóknarspurningin sem leitað er svara við er hvers vegna það er viðmælendum sem eiga heima á Íslandi mikils virði að þekkja tungumál og menningu víetnamskra forfeðra og formæðra? Unnið var úr viðtölunum með þemagreiningu og niðurstöður voru túlkaðar í ljósi kenninga Bhikhu Parekh um fjölmenningu og skrifa John Dewey um sjálfsstjórn og félagslega tilurð sjálfsins. Megin niðurstöður rannsóknarinnar eru að viðmælendur segjast finna fyrir mikilli löngun til að læra víetnömsku og kynnast menningu Víetnam. Venjurnar sem þeir ólust upp við eru að nokkru leyti frá Víetnam og þarlend menning, sem er mótuð af konfúsíanismi með áherslu á virðingu fyrir þeim eldri í fjölskyldunni, skyldurækni og gildi lærdóms og menntunar, eru hluti af sjálf þeirra. Þörf þeirra fyrir þekkingu á þessari menningu er því þörf fyrir sjálfsþekkingu og getu til að ígrunda eigin venjur og stjórna eigin lífi með því að vega þær og meta og laga að aðstæðum.

EFNISORÐ: Afkomendur flóttamanna frá Víetnam, fjölmennig, sjálfsþekking, þekking á máli og menningu Víetnam.

ABSTRACT: In 1979, 34 South Vietnamese refugees came to Iceland after having fled the North Vietnamese communists who seized power in the country. The data of this research was drawn from interviews with eleven participants who had parents and grandparents among the 34 refugees. The majority of them were raised in Icelandic speaking households. The research seeks to answer the research question: Why is it invaluable for the participants, whose home is Iceland, to have knowledge about the language and cultures of their Vietnamese ancestors? The data was ana-

lysed using thematic analysis underpinned by Bhikhu Parekh's theory on multiculturalism and Dewey's writings about self-control and the social construction of the self. The main findings disclosed that the participants felt a strong desire to learn and know the Vietnamese language and culture. Confucianism partly influenced the family culture they grew up in, emphasising respect for the elders in the family, a sense of duty, and a high value for education. Their need for knowledge of Vietnamese culture is, therefore, a need for self-knowledge and the ability to evaluate and reflect critically on their habits in order to evaluate them, adapt to circumstances, and have control over their own lives.

KEYWORDS: Descendants of refugees from Vietnam, multiculturalism, self-knowledge, knowledge of Vietnamese language and culture.

Þótt þú langförull legðir
sérhvert land undir fót,
bera hugur og hjarta
samt þíns heimalands mót.
(Stephan G. Stephansson, 1939, bls. 3)

Inngangur

Árið 1979 komu fyrstu flóttamennirnir frá Vietnam til Íslands. Þeir voru 34 talsins og komu frá flóttamannabúðum í Pulau Tengah í Malasíu. Þeir höfðu flúið þangað frá Suður-Vietnam eftir að kommúnistar frá Norður-Vietnam náðu völdum í landinu. Flóttinn var hættuför sem var farin í angist og örvæntingu. Við komuna hingað vissi fólkið lítið um Ísland. Það vissi ekki heldur hvort það mundi nokkurn tíma aftur sjá ættland sitt, fjölskyldu og vini. Vietnam var lokað land og flóttafólkið gat ekki haft samband við landa sína þar fyrr en meira en áratug seinna (Tran og Ragnarsdóttir, 2019; 2022a).

Flóttamennirnir voru frá upphafi virkir á vinnumarkaði og hafa ásamt niðjum sínum unnið margvísleg störf hérlendis, til dæmis sem túlkar og þýðendur, tæknimenn og verksmiðjufólk, matreiðslumenn og eigendur veitingastaða (Tran og Ragnarsdóttir, 2022a). Þeir lögðu sig fram um að læra íslensku og börn þeirra og barnabörn uxu úr grasi sem Íslendingar.

Viðtölin sem þessi grein byggist á voru tekin við einstaklinga sem eiga foreldri, afa eða ömmu úr þessum 34 manna hópi. Þegar þeir eldri, sem eru af annarri kynslóð Víetnama á Íslandi, sögðu frá ævi sinni var ljóst að þeir kappkostuðu að standa sig vel í vinnu og reynast samborgurum sínum vel en einnig að þeir sáu eftir að hafa ekki kennt börnum sínum víetnömsku og rækt betur sambandið við ættland sitt. Í orðum þeirra yngri birtist löngun til að bæta úr þessu og vitund um þann missi að þekkja ekki heiminn sem mótaði foreldra þeirra, afa og ömmur.

Um lífshlaup og skólagöngu viðmælenda hefur áður verið fjallað í fræðilegum skrifum (Anh-Dao Tran, 2015; Tran og Ragnarsdóttir, 2019; 2022a; 2022b). Í þeim skrifum er minnst á þörfina fyrir tengsl við mál og menningu Vietnam en í þessari grein er sú þörf til nánari skoðunar með hliðsjón af kenningum Bhikhu Parekh um fjölmenningu og skrifum John Dewey um félagslega tilurð sjálfsins. Rannsóknarspurningin sem við leitum svara við er: *Hvers vegna er það afkomendum flóttamanna frá Vietnam sem eiga heima á Íslandi mikils virði að þekkja tungumál og menningu víetnamskra forfedra og formæðra?*

Þótt mikið hafi verið fjallað um innflytjendur í fræðilegum skrifum bæði í Evrópu og Norður-Ameríku eru, eins og Drouhot (2024) segir í nýlegri yfirlitsgrein, fremur fáar rannsóknir til á barnabörnum innflytjenda og of lítið vitað um líf fólks af blönduðum uppruna sem á til dæmis einn afa eða eina ömmu úr hópi innflytjenda. Rannsóknir beina fremur sjónum að fólki af annarri kynslóð sem á báða foreldra úr hópi innflytjenda. Til dæmis sýnir tékknesk rannsókn að börn Víetnama

þar hafa tileinkað sér tungumál og menningu Tékkna og eru virkir þátttakendur í samfélaginu en á móti kemur að menningarlegt bil er milli þessara barna og foreldra þeirra þar sem börnin hafa takmarkaða þekkingu á víetnamskri menningu (Pham, 2022). Grein okkar er skrifuð til að bæta í þessar eyður í þekkingu á lífi innflytjenda og afkomenda þeirra og til að skilja hvaða mannlegu gildi eru í húfi og hvaða túlkun á orðum viðmælenda getur best skýrt löngun þeirra til að rækja tengsl við Víetnam. Dýpri skilningur á þessu viðfangsefni er mikilvægur fyrir samfélag þar sem vaxandi fjöldi borgaranna er afkomendur flóttamanna.

Frá samlögun til fjölmennningar

Þegar fólk kemur til nýrra heimkynna og ber með sér annað tungumál og aðra siði en þar tíðkast þá verða bæði breytingar á lífi þeirra nýkomnu og á veröld þeirra sem fyrir voru. Mestan hluta síðustu aldar var *samlögun* (e. *assimilation*) lykilhugtak í fræðilegri og pólitískri umfjöllun um þetta breytingaferli. Það hugtak var mótað af Chicago skólanum í félagsvísindum sem átti sitt blómaskeið á þriðja og fjórða áratugnum. Það var notað til að smíða kenningar um að breytingarnar leiddu jafnan til þess að menningarmunur milli innflytjenda og þeirra sem fyrir voru minnkaði með tímanum (Portes og Rumbaut, 2001; Alba og Nee, 2003; Kivisto, 2004; Safi, 2024; Drouhot, 2024).

Í fræðilegum skrifum var gengið út frá því sem vísu að innflytjendur þyrftu að samlagast samfélaginu sem þeir flyttu til. Það má taka sem dæmi fræðigrein eftir O'Flanney (1961) um innflytjendur í Bandaríkjunum. Þar var þessi þörf sögð augljós. Samt sem áður kom fram í greininni að fólk sem flutti til landsins fann sjálft meiri þörf fyrir tengsl og félagsnet heldur en að tileinka sér menningu sem var talin dæmigerð fyrir Bandaríkin á þeim tíma. Einnig kom fram í þessari sömu grein frá árinu 1961 að rannsóknir sýndu þá þegar að ræktarsemi innflytjenda í Bandaríkjunum við eigin menningu hindraði ekki góð samskipti við samborgara í nýjum heimkynnum. Svo þótt gengið hafi verið út frá því sem gefnu að samlögun væri bæði æskileg og óhjákvæmileg bentu rannsóknir um miðbik síðustu aldar til þess að hafa þyrfti ýmsa fyrirvara á fullyrðingum um það efni.

Frá sjöunda áratugnum til aldarloka bar svo meira og meira á efasemdum um að viðtekna kenningar um samlögun (e. *classic assimilation theory*) gerðu nægilega góða grein fyrir þeim breytingum sem urðu við flutning fólks milli landa eða menningarheima (Kivisto, 2004; Safi, 2024). Seinni tíma rannsóknir sýndu einnig að það hvernig innflytjendur breyttu háttarni sínu væri einungis hægt að skýra að hluta með vísun til þess að viðtökulandið gerði ófrávikjanlegar kröfur um samlögun á sumum sviðum. Hluta af skýringunni var jafnan að finna í menningu og menntun úr fyrri heimkynnum (Brettel og Hollifield, 2015; Tran og Ragnarsdóttir, 2022a) og önnur hugtök en samlögun kunnu að gagnast betur til að skýra hvernig fólk myndi leiðir til að setta og sameina menningarhefðir úr ólíkum áttum (Sam og Berry, 2010).

Mestalla síðustu öld gerðu flestar hugmyndir um samlögun ráð fyrir að innan þjóðríkis væri ein menning ríkjandi (menning þjóðarinnar) og þeir sem flyttu til landsins hlytu að tileinka sér hana með einhvers konar samlögun (Portes og Rumbaut, 2001; Alba og Nee, 2003; Markus Meckl og Hermína Gunnþórsdóttir, 2020; Drouhot, 2024). Viðast hvar voru þessar hugmyndir á skjön við félagslegan veruleika þar sem innan flestra ríkja var menning breytileg bæði frá einni kynslóð til annarrar og eftir stétt og stöðu, trúarbrögðum, landshlutum og ýmsu fleiru (Parekh, 2006). Umræðan um samlögun var því full af innri mótsögnum og sumt í henni harla óljóst (Rumbaut, 1999). Í umræðunni var jafnan gert ráð fyrir að menning þjóða væri einsleitari en raun bar vitni.

Áherslan á fjölmenningu (e. *multiculturalism*) kom fram sem svar við þessum annmörkum á kenningum og kröfum um samlögun. Í Bandaríkjunum voru róttækir hugsuðir og aðgerðasinnar á borð við Myles Horton, Martin Luther King, Herbert Kohl, Angela Davis, Cesar Chavez og Malcolm X í fararbroddi þeirra sem töluðu fyrir fjölmenningu og reyndu þar með að ryðja úr vegi kerfi valds og mismununar sem kom í veg fyrir lýðræðislega þátttöku allra (Darder, Baltodano og Torres, 2009). Á seinni tímum hefur alþjóðavæðing vaxið hröðum skrefum og fjölmenningshyggja jafnframt öðlast aukna viðurkenningu víða um heim (Gaine, 2005; Hanna Ragnarsdóttir, 2007).

Breski stjórnmálafræðingurinn Bhikhu Parekh (2006) fjallar um fjölmenningu sem felur í sér margbreytileika innan hvers menningarheims og segir að hann eigi ekki aðeins við um ríki í heild sinni heldur einnig minnihlutahópa innan þeirra. Menning innflytjenda dregur þannig dóm af félagslegu umhverfi sínu og verður fyrir vikið öðruvísi en menning fólks af sama þjóðerni sem enn býr í upphaflegum heimkynnum eða hefur flutt til annarra landa. Ef við skiptum stóru fjölmenningsamfélagi í smærri undirhópa finnum við, eftir því sem Parekh segir, að hver þeirra er mótaður og myndaður af menningarlegum fjölbreytileika.

Þótt Íslendingum hafi löngum verið lýst sem einsleitri þjóð (Birgir Guðmundsson og Grétar Þór Eyþórsson, 2020) þarf ekki að hugsa sig lengi um til að átta sig á að innan landsins hefur lengi búið fólk með ólíkt gildismat og ólíkar venjur. Er íslensk menning kristin þótt hluti landsmanna sé trúlaus eða aðhyllist önnur trúarbrögð? Er hún afsprengi fornra búskaparháttanna kotbænda og fiskimanna eða angi af menningu borgaralegra samfélaga við Norður-Atlantshaf? Við þessum spurningum eru engin skýr eða einföld svör vegna þess að í landinu fer mörgum sögum fram samtímis og flest í menningunni breytist, ef ekki frá ári til árs þá að minnsta kosti frá kynslóð til kynslóðar. Við þetta bætist að á seinni árum hefur innflytjendum í landinu fjölgað hratt (Hagstofa Íslands, 2024).

Fjölmennig og frelsi

Rannsóknarniðurstöður sem Sam og Berry (2010) greina frá staðfesta það sem O'Flannery (1961) ýjaði að næstum hálfri öld fyrr, það er að segja að fólk af erlendum uppruna getur vel lifað í sátt við umhverfi sitt án þess að glata menningarlegum sérkennum sínum. Vitanlega krefst ríkisvaldið þess að allir fari að landslögum og það getur einnig þurft að vinna á menningarmun sem hindrar árangursríkt samstarf eins og lýst er í grein eftir Erlu S. Kristjánsdóttur og Þóru H. Christiansen (2019) um háskólamenntað fólk frá Filippseyjum á íslenskum vinnumarkaði. Í umræddri grein kemur meðal annars fram að venjur sem Filippseyingarnir sem fjallað er um fylgja til að forðast átök falli ekki vel að íslenskri vinnustaðamenningu. Þetta þýðir ekki að fólk sem flytur hingað til lands þurfi að verða eins og innfæddir – enda verða börn þeirra innfæddu heldur ekki eins og þeir sjálfir voru einni kynslóð fyrr. Þetta þýðir ekki heldur að innflytjendur þurfi að hætta að tengja sig við heimaland foreldra sinna (Tingvold o.fl., 2011).

Líkt og indverski heimspekingurinn og hagfræðingurinn Amartya Sen greinir frá í endurminningum sínum, þá er hægt að hafa taugar til margra staða í senn. Til marks um þetta rifjar Sen upp að skömmu eftir að hann hlaut Nóbelsverðlaunin í hagfræði árið 1998 var tekið viðtal við hann. Í viðtalinu var hann spurður hvaða stað hann teldi heimili sitt. Hann kvaðst eiga fleiri heimili en eitt. Spyrellinn lét þá að því liggja að hann skildi ekki hugtakið *heimili* og vildi vita hvar hans raunverulegu heimkynni væru. Sen brást við með því að segja að hann deildi ekki þeirri hugsun að eitt heimaland útilokaði annað (Sen, 2022). Af frásögn hans er ljóst að hann var allt í senn Indverji, Breti og Bandaríkjamaður og hafði mikið að gefa hvar sem hann bjó vegna þess að hann hafði víða ratað og gat því miðlað indverskri þekkingu til Vesturlanda og vestrænni visku á Indlandi.

Þótt hugtökin samlögun og fjölmennig séu notuð af félagsvísindafólki til að lýsa því hvernig félagslegur veruleiki er í raun hafa þau líka siðferðilegar og boðandi víddir. Þannig eru þau einnig notuð til að tjá hugmyndir um hvernig veruleikinn ætti að vera og hvernig sé æskilegt eða réttlátt að haga samskiptum ólíkra hópa. Parekh hefur fjallað um sumar þessar siðferðilegu víddir og meðal annars rökstutt að menningarlegur margbreytileiki innan samfélags færi öllum aukið frelsi (Bauböck, 2001; Parekh, 2006) og þess vegna sé til góðs að innflytjendur rækti menningararf fyrri heimkynna: Þetta sé ekki aðeins til góðs fyrir þá sjálfa og hópinn sem þeir tilheyra heldur líka fyrir alla aðra. Menn hefja sig, segir Parekh, ekki yfir eigin menningu nema þeir hafi kynni af annarri menningu. Án kynna af öðrum lífsháttum eru menn lokaðir inni í sínum eigin og hafa því minna en fullt frelsi (Parekh, 2006). Það sé einnig næsta ljóst að menntun sem færir einum tök á tilverunni sé öðrum til heilla – við töpum öll á að annað fólk sé illa statt og jafnvel örvæntingarfullt.

Þetta sem nefnt hefur verið hér að framan nær þó ekki utan um nema hluta þess veruleika sem

Parekh lýsir. Við þurfum að kafa dýpra til að skilja hvernig ræktarsemi hóps við eigin menningu stuðlar að frelsi. Við kjósum í ljósi þessa að skoða þetta efni með því að styðjast við rit eftir bandaríska heimspekinginn John Dewey.

Heimur afa og ömmu og tök okkar á tilverunni

Parekh (2000) og Dewey (1922/1983) eru á einu máli um að fólk sé í senn mótað af náttúru og samfélagi sínu og að þessir þættir verði ekki aðgreindir – það sammannlega og það sem er spunnið af sögu og siðum myndi saman flóka sem enginn geti greitt í sundur. Þeir eru einnig sammála um að getan til að skoða eigin heim frá sjónarhóli sem gefur yfirsýn á hann færi fólki frelsi og tök á tilverunni.

Samkvæmt fræðum Deweys er hver manneskja einkum mótuð af venjum og þær mynda uppi-stöðu sjálfsins. Á íslensku hefur þessari kenningu verið lýst sem svo að sjálf hvers einstaklings sé afsprengi félagslegra samskipta og talað um „félagslega tilurð sjálfsins“ (Gestur Guðmundsson, 2008, bls. 37). Venjurnar sem við meðtökum í bernsku lærum við af öðru fólki, ekki síst af foreldrum okkar. Þetta gerist að mestu ómeðvitað og án útskýringa og við vitum ekki alltaf hvers vegna okkur finnst sumt sjálfsagt og annað ómögulegt, hrýs hugur við einu og tökum öðru fagnandi og þar fram eftir götunum. Sumt af þessu getum við ekki skilið nema í mesta lagi til hálfis án þess að þekkja fólkið sem ól okkur upp og vera kunnugt um sögu þess og uppvöxt. Okkar eigin tilfinningar eru ekki fyllilega skiljanlegar nema við þekkjum menninguna sem mótaði þær. Þessi skilningur á sjálfinu og sjálfsþekkingu sem rekja má til Deweys er í samræmi við seinni tíma heimspekileg skrif sem lýsa sjálfinu sem afsprengi samfélagshátta (sjá t.d. Atli Harðarson, 2010). Rannsóknir á afkomendum víetnamskra flóttamanna í Noregi (Tingvold o.fl., 2011) staðfesta jafnframt að þeir eru mótaðir af sterkum tengslum við foreldra og nána ættingja.

Samkvæmt Dewey er getan til að ígrunda, vega og meta eigin hneigðir forsenda þess að vera ekki leiksoppar þeirra heldur sjálfs sín ráðandi, að hafa sjálfstjórn þannig að manns eigið vit ráði för (Harðarson, 2023). Þetta er ein ástæða þess að það að þekkja hug og heim ömmu sinnar og afa er hjálplegt til að ná tökum á tilverunni og vera frjáls.

Hér að framan hefur verið vísað í fræðileg skrif eftir Dewey og Parekh til að varpa ljósi á mikilvægi þess að þekkja eigin rætur. Því er við að bæta að fólk sem á ættir að rekja til tveggja ólíkra menningarheima hefur sjálf sem þarf að skilja í ljósi þekkingar á þeim báðum. Sjálf þess er marghliða eins og Terry Gunnell (2003) og Hanna Ragnarsdóttir (2011) hafa lýst. Að nokkru eru þetta almælt sannindi sem birtast víða í heimsbókmenntunum. Ofan við þessa grein standa til dæmis vísuorð eftir skáldið og Vestur-Íslendinginn Stephan G. Stephansson sem minna á að hugur okkar er mótaður af eigin uppruna. Dæmin um sögur og ljóð sem styðja það sem við höfum þegar fjallað um eru óteljandi en við ætlum að staldra við eitt verk sem telst með gersemum víetnamskra bókmennta. Það er *Söngurinn um Kieu* sem Du Nguyen (2012) samdi fyrir rúmum tveimur öldum.

Konfúsíanismi, Söngurinn um Kieu og leitinn að frelsi

Víetnömsk menning er mótuð af konfúsíanismi sem leggur áherslu á ættrækni og skyldurækni. Forn speki Konfúsíusar segir að „skyldurækni við foreldra og virðing fyrir eldri bræðrum“ sé rót góðmennskunnar (Konfúsíus, 1989, bls. 51). Annað einkenni þessarar menningar er rótgróin virðing fyrir þekkingu og lærdómi (Anh-Dao Tran, 2015; Vuong, 1976). Konfúsíanismi er í senn kenning um heiminn, siðfræði og félagsleg viðmið (Truong, 2013). Hann gerir ráð fyrir að menn séu í eðli sínu góðir og geti lært að vera óeigingjarnir og haga lífi sínu í samræmi við gott siðferði. Hann leggur líka áherslu á að hver einstaklingur sé hluti af félagsheild, einkum fjölskyldu, þar sem gildir að virða þá sem eru eldri eða herra settir en víkja samt fyrir þeim sem yngri eru eða lægra settir. Á víetnömsku er þetta tjáð með orðunum „kính trên, nhường dưới“ (Yao, 2000) og innrætt víetnömskum börnum frá unga aldri (Anh-Dao Tran, 2015; Leirvik og Fekjær, 2011; Portes og Rumbaut, 2001; Zhou og Bankston, 1994; Vuong, 1976). Þessa menningu fluttu víetnömsku flóttamennirnir með sér eins og Terry Gunnell (2003) lýsir í grein um rannsókn sína á þjóðtrú þeirra og þjóðsiðum.

Í *Söngnum um Kieu* birtast þessi tvenns konar einkenni víetnamskrar menningar með afar skýrum hætti. Þar birtist líka sú hugsun sem hér hefur verið tengd við Parekh og Dewey að þekkingin færi okkur frelsi. Við rifjum upp þessa sögu bæði til að útskýra skilning okkar á tengslum sjálfsþekkingar við frelsi og til að árétta að hann ekki aðeins sóttur í fræðirit heldur líka í skáldskap. Sagan segir frá Kieu sem er skáld og kann skil á bókmenntum. Hún er ástfangin af lærðum og skynsömum manni sem heitir Kim. Hann neyðist til að fara í langferð vegna andláts í fjölskyldunni. Á meðan Kim er í burtu ráðast innheimtumenn á föður Kieu og hóta honum hörðu ef hann greiðir ekki skuld sem þeir segja að húsbóndi sinn eigi inni hjá honum. Kieu leysir föður sinn úr haldi með því að gefast manni gegn gjaldi. Sá selur hana í vændi og við taka fimmtán erfið ár þar sem hún má þola skelfilega ánauð, pyntingar og niðurlægingu. Þetta er sorgleg saga og fram yfir miðja bók virðist aðalpersónan ekki eiga nokkra von. Undir lokin fær hún þó skjól hjá nunnu og gefur sig að helgihaldi og einföldu lífi langt fjarri upphaflegum heimahögum sínum. Undir sögulok finnur Kim hana og er þá giftur systur hennar en vill samt taka sér Kieu fyrir konu.

Ef Kieu hefði verið föst í hjólförum vanans og fylgt væntingum samfélagsins hefði hún deilt rúmi með sama manni og systir hennar en gerði það ekki. Saga hennar er stórfenglegt bókmenntaverk meðal annars vegna þess að hún lýsir því hvernig Kieu gat séð tilveru fjölskyldu sinnar með „gestsaugum“ – augum þess sem „víða ratar og hefir fjöld um farið“ svo vitnað sé í Hávamál. Þekkingin og getan til að sjá eigið líf af háum sjónarhóli færði henni frelsi.

Kieu hafði næga sjálfsþekkingu til að vita að hjónabandið sem þau Kim dreymdi um fyrir löngu var ekki lengur mögulegt. Hún gat hins vegar notað lærdóm sinn til að upphugsa aðrar leiðir. Á endanum hélt hún áfram að lifa sem nunna en átti góð samskipti við fjölskyldu sína og fyrrum unnusta. Þetta er samt ekki ævintýri sem einfaldlega endar vel. Það dylst engum að ofbeldið hefur sett mark sitt á Kieu en hún nær samt sem áður á endanum að lifa lífi sem er hennar eigið og hún hefur kosið af ráðnum hug. Söngurinn um Kieu er ekki bara harmsaga og ástarsaga heldur líka söngur um frelsi – um það sem flóttamennirnir frá Víetnam, foreldrar, afar og ömmur viðmælendanna sem við segjum frá í næsta kafla, sóttust eftir þegar þeir komu til Íslands fyrir rúmlega 45 árum síðan.

Aðferð

Annar tveggja höfunda þessarar greinar er frá Víetnam og kom til Íslands fyrir tæpum 45 árum, um svipað leyti og fyrstu flóttamennirnir, hélt sambandi við þá nánast frá upphafi og kynntist afkomendum þeirra. Hún hefur tekið viðtöl við fjölda Víetnama á Íslandi, einkum vegna rannsókna á skólagöngu þeirra (Anh-Dao Tran, 2015). Til að svara rannsóknarspurningunni sem lagt var upp með voru notuð viðtöl við ellefu afkomendur flóttamannanna frá Suður-Víetnam, sex við pilta eða karla og fimm við stúlkur eða konur. Af þessum viðtölum eru sjö við börn flóttamanna og fjögur við barnabörn þeirra. Sum af þeim sjö sem eru af annarri kynslóð komu til landsins sem börn en flest fæddust á Íslandi. Sum í þessum ellefu manna hópi eiga einnig foreldri, afa eða ömmu af íslenskum ættum. Þau hafa öll gengið í íslenska skóla og mestur hluti hópsins er annað hvort í námi eða hefur lokið burtfararprófi frá framhaldsskóla eða háskóla.

Viðmælendur voru valdir með snjóboltaaðferð úr hópi fólks sem tilheyrir fjölskyldum með samfellda sögu á Íslandi frá 1979. Mest var stuðst við ábendingar frá fólki úr þeim 34 manna hópi sem kom hingað sem flóttamenn. Viðtölin voru hálfstöðluð og tekin með hliðsjón af aðferðafræði sem leggur áherslu á að virða menningarlegan margbreytileika (Nodelman, 2013; Lichtman, 2013). Látið var staðar numið eftir ellefu viðtöl því þau síðustu bættu litlu við það sem fram var komið í þeim fyrri.

Tveir af viðmælendum sem eru af annarri kynslóð eru talsvert yngri en hinir og á svipuðum aldri og barnabörnin. Við flokkum viðmælendur því í eldri og yngri fremur en í fólki af annarri og þriðju kynslóð. Þau yngri voru, þegar viðtölin voru tekin, frá táningsaldri fram um þrítugt. Sum í hópnum eru tengd fjölskylduböndum sem foreldrar og börn eða bræður og systur. Fullrar nafnleyndar var

gætt við rannsóknina og fengu viðmælendur íslensk gervinöfn enda heita viðkomandi nöfnum sem algeng eru á Íslandi.

- Þau eldri fengu gervinöfnin Baldur, Einar, Finnur, Unnur, Valdís.
- Þau yngri fengu gervinöfnin Alda, Ármann, Erlingur, Hanna, Logi, Sunna.

Öll viðtölin voru tekin af Anh-Dao og þau voru á íslensku nema tvö sem fóru að hluta fram á íslensku og að hluta á víetnömsku. Lengsta viðtalið var 189 mínútur og það stysta 31 mínúta. Samanlögð lengd viðtalanna er 1107 mínútur. Viðtölin voru tekin á árabílinu 2020 til 2021 og skrifuð upp orðrétt. Viðmælendur stungu sjálfir upp á stað og úr varð að sum viðtölin við eldri viðmælendur voru tekin heima hjá rannsakanda en viðtölin við þá yngri fóru fram heima hjá þeim sjálfum og foreldrum þeirra en án þess að foreldrar væru viðstaddir. Ástæða þess að viðtölin voru tekin inni á heimilum var að aðgengi að öðrum stöðum var takmarkað vegna Covid-19 faraldursins.

Öll viðtölin hófust á því að rannsakandi gerði grein fyrir sjálfum sér og hvernig viðtölin yrðu notuð. Þótt kynningin væri fremur formleg var ljóst að kynni rannsakanda af hópnum og sameiginlegt þjóðerni höfðu áhrif á viðmælendur. Þeir ræddu við rannsakanda sem innanbúðarmann – einstakling úr eigin hópi – og töluðu því opinskátt um reynslu sína, hugsanir og tilfinningar. Viðtölin voru raunar lík samtali að því leyti að báðir aðilar gerðu hvort tveggja að svara og spyrja því viðmælendur nýttu sér þekkingu rannsakanda til að fá að vita ýmislegt um Vietnam og um samfélag Víetnama á Íslandi. Þekking rannsakanda á víetnamskri menningu og reynslan af því að alast upp í Vietnam hjálpuðu líka til við að túlka ýmis blæbrigði í máli viðmælenda en buðu jafnframt þeirri hættu heim að túlkun á gögnunum yrði of huglæg og persónuleg (Couture o.fl., 2012). Hinn greinarhöfundurinn hitti viðmælendur hins vegar aldrei, þekkti þá ekki og hafði engar upplýsingar aðrar en viðtölin. Við greiningu á viðtölunum var því horft á efnið undir tveimur afar ólíkum sjónarhornum og það eitt tekið með sem greina mátti undir þeim báðum.

Greinarhöfundar lásu og kóðuðu viðtölin hvor í sínu lagi og ræddu endurtekið saman um hvað þeim virtist gegnumgangandi í þeim. Við þetta fylgdu þeir aðferðum við þemagreiningu eins og þeim er lýst af Braun og Clarke (2021). Þetta tók langan tíma og fyrst í stað voru kóðin margvísleg og sunduleit (eins og t.d. ferðir til Vietnam, þátttaka í íþróttum, skólaganga, vinnustaður foreldra) en með samtölum höfunda sem dreiddust á rúmlega hálf ár tókst að raða þeim í nokkra flokka (eins og menntun, fjölskylda, tungumál og vinna) sem urðu forsenda þess að draga fram meginþemu sem birtast í öllum viðtölunum eins og lýst er í næsta kafla.

Áður en viðtölin voru tekin var rannsóknin tilkynnt Persónuvernd og Siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir. Viðmælendum var heitið nafnleynd og þeir undirrituðu yfirlýsingu um upplýst samþykki.

Niðurstöður

Viðmælendur sögðu frá foreldrum eða afa og ömmu sem komu hingað sem flóttamenn á fullorðinsaldri. Af ummælum þeirra mátti ráða að þessi fyrsta kynslóð Víetnama á Íslandi reyndi að samlagast íslenskri menningu. Þótt þau ættu víetnömsku að móðurmáli og kynnu íslensku ekki mjög vel var í flestum tilvikum töluð íslenska á heimili þeirra og fremur lítið gert til að miðla víetnamski menningu til næstu kynslóðar. Um þetta hefur annar höfundur fjallað í fyrri skrifum (Tran og Ragnarsdóttir, 2022a).

Fjögur meginþemu birtust í öllum viðtölunum. Millifyrirsagnirnar í þessum niðurstöðukafla eru tilvitnanir í orð viðmælenda en endurspegla jafnframt þessi fjögur meginþemu. Fyrsta þemað er samlögun sem felur í sér að þátttakendur líta á sig sem Íslendinga. Annað þemað er að víetnamskt gildismat er hluti af sjálfi viðmælenda. Það þriðja er löngun til að heimsækja Vietnam og kynna landi og menningu. Fjórða þemað er hvernig þátttakendur upplifa tengslaleysi við víetnamska menningu sem vöntun. Fyrsta þemað togast á við hin og togstreitan er milli þess að líta á sig sem

Íslendinga en vera samt mótuð af menningu sem er frábrugðinn þeirri sem er ríkjandi hérlandis og finna þörf til að tengjast upprunanum. Þriðja og fjórða þemað eru náskyld og má líta á þau sem tvö undirþemu þess að hafa þörf fyrir tengsl við eigin rætur.

„Ég myndi bara telja mig svona 100% Íslending eða alla vega svona 90%“

Öll þau sem rætt var við voru spurð um eigið þjóðerni, hvort þau litu fremur á sig sem Íslendinga eða Víetnama. Bæði þau eldri og þau yngri tengdu sig fyrst og fremst við Ísland. Baldur ræddi í því sambandi um áhuga sinn á Íslendingasögum. Hann ræddi líka um íslenska fánann og sagði að hann veki „rosalega sterka tilfinningu“ og bætti við að sér fyndist „að Íslendingar ættu að vera miklu miklu duglegri að flagga og sýna íslenskan fána.“

Einn yngri viðmælendanna Sunna, skar sig úr og sagðist vera Víetnami, sem tengist því ef til vill að báðir foreldrar hennar voru Víetnamar og annað þeirra talaði við hana á víetnömsku.

R: Ég ... spurði þig hver ert þú? Hvað myndir þú segja?

Sunna: Ég er bara stelpa frá Víetnam sem býr á Íslandi.

Í máli Sunnu kom samt fram að hún hafði tileinkað sér íslensk gildi og það var togstreita milli víetnamskra og íslenskra gilda innan fjölskyldunnar. Þetta birtist til dæmis í ágreiningi um hvort það væri við hæfi að hún iðkaði íþrótt sem annað foreldri hennar áleit að væri ekki fyrir stúlkur. Úr varð að hún naut sín í þessari íþrótt. Þótt hún liti á sig sem Víetnama var hún í þessum efnum Íslendingur þegar það veitti henni frelsi til að lifa eigin lífi. Fjölskyldan var úr tveimur menningarheimum og það birtist til dæmis hjá Erlingi sem kvaðst tilheyra menningarheimi Íslendinga.

Erlingur: Foreldrar mínir eru víetnamskir og ég tala víetnömsku heima.

R: Hvaða menningu finnst þér að þú tilheyra ... víetnömsku eða íslensku?

Erlingur: Íslensku.

Þótt öll nema Sunna segðust vera íslensk höfðu þau samt flest einhverja fyrirvara. Sum létu þess getið að útlit og litarhaft kæmi í veg fyrir að þau féllu inn í hóp Íslendinga.

Unnur: Þú veist þegar ég fór til [nafni lands eytt] þá kölluðu vinir mínir mig hvítu stelpuna og svo þegar ég var hérna þá var ég dökka stelpa.

Finnur sagði einnig sögu um tengsl við tvenns konar þjóðerni.

Finnur: Á Íslandi þá sagði ég alltaf að ég væri víetnamskur af því ég vildi halda í tengingu við Víetnam. En þegar ég fór til [nafni lands eytt] þá byrjaði ég bara að segja að ég væri Íslendingur út af því að það er bara aðeins auðveldara og réttara.

Ef til vill dregur Logi best saman viðhorf hópsins til eigin þjóðernis.

R: ... þú ert í rauninni bæði Íslendingur og ... Víetnami ...

Logi: Nei, ég held ekki, ég bara hef alist upp hérna á Íslandi allan tímann ég myndi bara telja mig svona 100% Íslending eða alla vega svona 90%.

„Hvað þetta er búið að bora langt inn í heilann á manni“

Þótt viðmælendur litu á sig sem Íslendinga birtust áhrif víetnamskrar menningar í viðtölunum. Fólk af annarri og þriðju kynslóð er, eins og Logi greindi frá, að einhverju leyti Víetnamar þótt sá þáttur sé ef til vill mun minni hluti af tilveru þeirra en sá íslenski. Jafnvel þau sem lýstu sterkustu tengslunum við íslenska menningu nefndu tilraunir til að tengjast víetnömskum ættingjum og halda við víetnömskum siðum.

Baldur: Af því að afi dó, þá byrjaði mamma að kveikja á reykelsti og skera ávexti og eitthvað svona fyrir framan mynd af honum. Annað ... ekki sko ... þetta var ekki mjög víetnamskt heimili skilurðu. Þetta var bara íslenskt heimili.

Nokkrir viðmælendur sögðu frá kynnum af ættingjum í Norður-Ameríku en þangað fór stór hópur flóttafólks frá Víetnam eftir að stríðinu lauk árið 1975 og bandarískur her yfirgaf landið. Það kom fram í máli sumra að samfélög Víetnama í Ameríku væru öðruvísi en hér og öðruvísi en heima í gamla landinu. Einn viðmælenda sem ræddi um dvöl sína í Norður-Ameríku sagði að þar hafi verið „allt öðruvísi víetnömsk menning heldur en ég hafði vanist.“

Þegar rætt var um menningu og siði nefndu flestir dálæti sitt á víetnamskri matargerð en höfðu fá orð um önnur þjóðleg einkenni. Þegar talið barst að því hvað máli skipti í lífinu nefndu viðmælendur fremur sammannleg gildi en þau sem telja má sérstök fyrir Víetnama. Spurður um ástæður þess að fjölskyldan flúði frá Víetnam sagði Baldur til dæmis:

Baldur: Þetta er bara alltaf sama þörfin hjá mannskepnunni. Bara fá betra líf, öruggara líf, ... fyrir börnin sín og framtíðina sko ... menn eru að sækjast eftir því sama ... allir að sækjast í það sama held ég.

Samt birtist í viðtölunum gildismat sem virtist tengjast víetnömskum uppruna. Þetta kom best í ljós þegar rætt var um fjölskyldubönd, vinnu og menntun. Einar vann til dæmis lengi hjá fyrirtæki í eigu eldri fjölskyldumeðlima þótt hann hefði menntun til að vinna á öðrum vettvangi. Hann lýsti lífi þar sem vinnan hafði forgang og eigin þarfir viku fyrir skyldum við vinnustað og foreldra.

Einar: Ég fór síðan bara að vinna hjá foreldrum mínum og ílengdist þar og var eins og ég hef oft sagt að ég var bara límdur þar ... með sterkasta lími sem að til er.

R: Það er fjölskyldu ...

Einar: Já.

Baldur hafði svipaða sögu að segja og Einar. Valdís, sem er eins og Einar og Baldur úr hópi þeirra eldri, lýsti líka sterkum fjölskylduböndum og virðingu fyrir þeim eldri í fjölskyldunni.

Valdís: En, já, út af því að herna maður var ekki með týpískt íslenskt uppeldi þá var þetta soldið öðruvísi og ég kann að meta það á eftir nú í dag, þá lærði maður virðingu svona fyrir þeim eldri sem var ekki mjög algengt hér á Íslandi (hlær) og ... aga og gegnum hann líka lærði ég svona virðingu og að kunna að meta menntun.

Virðingin fyrir menntun birtist í öllum viðtölunum. Einn af yngri viðmælendunum, Ármann, er greindur með fötlun. Hann talaði um að greiningin hindraði hann í að afla sér menntunar og fann að því að skólakerfið veitti fötlðu fólki of lítil tækifæri til að læra. Eins og öll hin vildi hann menntast til að eiga kost á vinnu í samræmi við hæfileika sína og áhugamál.

Ummæli Finns um föður sinn draga fram þennan sama metnað til náms og minna jafnframt á að víetnamski pabbinn var öðruvísi en feður annarra barna í skólanum.

Finnur: Pabbar hinna vina minna voru soldið mjög eh hvernig á ég að segja ... voru ekki [með] ... mikla áherslu á menntun ... á meðan pabbi minn setti alla alla áhersluna á menntun. Gott dæmi er í hvert skipti ... alveg frá því ég var lítill ... í hvert skipti sem ég spyr pabba hvað viltu fá í afmælisgjöf eða í jólagjöf þá segir hann bara góðar einkunnir.

Unnur lýsti föður sínum eins og bætti við orðum sem bentu til að hún teldi að áherslur hans hefðu haft djúp og mótandi áhrif á sig.

Unnur: Þetta var líka alltaf mikil áhersla hjá sérstaklega pabba „Ef þú kannt ekki stærðfræði þá verður ekkert úr þér“ (hlær) ... maður fattar ekki fyrr en seinna hvað þetta er búið að bora langt inn í heilann á manni.

„Búin að dreyma um að fara til Víetnam ... bara eiginlega alla mína ævi“

Flest þau eldri sem rætt var við lærðu of litla víetnömsku af foreldrum sínum til að ná góðum tókum á málinu og hafa þar af leiðandi ekki miðlað tungumálinu áfram til eigin barna. Unnur, sagði þó frá viðleitni föður síns sem virðist hafa borið takmarkaðan árangur.

Unnur: Pabbi fékk einhverja stelpu ... sem átti að kenna okkur víetnömsku, sem var víetnömsk, en svo var þetta í svo stuttan tíma að við náðum ekkert að læra eiginlega.

Erlingur og Sunna lærðu víetnömsku sem börn en öll hin fjögur úr hópi þeirra yngri lýstu áhuga á að læra málið. Ummæli Hönnu um þetta efni eru dæmigerð fyrir hópinn:

Hanna: Við tölum ekki víetnömsku ... pabbi kann ekki víetnömsku, ekki mikið, þannig að ég lærði ekki þá ... ég lærði frá vinkonu minni smá ... ég væri til í að læra víetnömsku.

Einnig lýsti yngra fólkið áhuga á að fara til Víetnam.

Ármann: Við vorum að plana að fara öll til Víetnam áður en covid byrjaði. En fyrst að covid kom á Íslandi þá bara hættum við við.

R: Já. Ok.

Ármann: Það er bara þegar covid er búið þá ætlum við að kannski að fara til Víetnam.

Logi: Stefnan er kannski að fara á næsta ári en maður veit aldrei.

R: Hlakkarðu til?

Logi: Já, já, ég hlakka mjög til.

R: Hvað langar þig að sjá eða læra?

Logi: Skoða umhverfi þarna og hitta ættingja og svona.

Alda: Við erum búin að ræða um að fara til Víetnam saman fjölskyldan í mörg ár.

R: Já, hefur þú aldrei farið til Víetnam?

Alda: Nei. ... búin að dreyma um að fara til Víetnam ... bara eiginlega alla mína ævi sko ... og ætla einhvern tíma að fara.

Svipaður áhugi birtist jafnframt hjá sumum af þeim eldri. Fólkið lýsti löngun og þörf til að tengjast landinu, málinu og menningunni.

Finnur: Ég er góður í enskunni og íslenskunni ... ég hefði viljað hins vegar hafa lært víetnömsku frá pabba.

Valdís: Ég hefði viljað að pabbi hefði kennt okkur víetnömsku en hann gerði það ekki, hann talaði alltaf íslensku við okkur. ... Hann bara reyndi að samsama sig íslenskri menningu frá því hann kom til landsins.

„Það vantar alltaf eitthvað“

Eins og fram hefur komið setur víetnamskur uppruni mark sitt á viðmælendur. Þá langar til að kynnst þessum uppruna sínum betur og þessi löngun kemur meira fram í máli þeirra yngri en þeirra eldri. Sum af þeim eldri gáfu raunar í skyn að þau hefðu gert ráð fyrir að tengslin við Víetnam myndu rofna. Einar sagði til dæmis um yngri fjölskyldumeðlimi:

Einar: Ég vil bara að þau eigi sína framtíð hér og verði þá bara íslensk ... ég sé ekki fyrir mér að þau séu eitthvað hérna að mynda einhver tengsl við Víetnam seinna meir.

Seinna í viðtalinu dró Einar svo aðeins í land og kvaðst vita af áhuga yngra fólksins á eigin uppruna.

Einar: Þegar þau verða eldri ... þá kviknar áhugi á Víetnam og þá geta þau lesið sér til um Víetnam.

Við þetta má því bæta að í máli sumra kom fram að það væri styrkur að þekkja tvo ólíka menningarheima. Baldur notaði íslenskan þankagang til að gagnrýna þann víetnamska og öfugt. Þegar hann hafði rætt skyldurnar við vinnustaðinn bætti hann við að hann hefði fyrir vikið haft of lítil samskipti við konu sína og börn.

Baldur: Atvinnulífið var bara númer eitt tvö og þrjú. Sem var svo mikil geðveiki. Maður sér það meira og meira í dag hvað þetta var svo mikil sturlun sko. Að missa af svona miklu.

Og þegar hann talaði um skóla á Íslandi gagnrýndi hann íslenskar venjur og virðingarleysi fyrir menntun og starfi kennara. Hann hafði víðsýni þess sem þekkir tvenns konar hugsunarhátt og skilning á því að kynni tveggja hópa af ólíkum uppruna styrkja þá báða.

Baldur: Og vonandi hefur maður gefið frá sér og vonandi hefur maður bætt samfélagið eitthvað ... og ég veit að samfélagið hefur bætt mig ... það hefur kennt mér mjög mikið og vonandi hefur maður kennt á móti.

Þessi styrkur sem fæst með því að þekkja ólíka heima birtist með óbeinni hætti í máli annarra en Baldurs. Valdís nefndi að hún miðlaði börnum sínum menningu frá Víetnam og væri stolt af tvöföldum uppruna sínum.

Valdís: Þegar ég var lítil þá var [ég] svo stolt af því að vera ekki þú veist alveg Íslendingur, mér fannst svo gaman að vera aðeins öðruvísi.

R: Já.

Valdís: Alltaf haft gaman af því þannig að ég vildi halda því áfram fyrir börnin mín, þú veist ekki ala þau upp sem „við erum bara Íslendingar.“

Þessi meðvitund um tvíhliða sjálf birtist með ýmsum hætti í viðtölunum, til dæmis hjá Öldu:

R: Þú sérð þig sem víetnamska, íslenska?

Alda: Ég er íslensk en með áhuga á hinna hliðinni.

Hjá flestum birtist vitundin um mikilvægi þess að þekkja menningu Víetnam einkum sem missir. Fólkið talaði um að of lítil kunnátta í málinu og of lítil þekking á menningunni væru vöntun sem það fyndi fyrir. Í umræðum um þetta kom fyrir orðalag eins og „því miður“ og „maður sér eftir.“ Finnur og Unnur, sem bæði eru úr hópi þeirra eldri, sögðu til dæmis:

Finnur: Pabbi ... var að reyna að komast inn í íslenska samfélagið þannig að hann var ekki mikið að kynna okkur fyrir víetnamska kúltúrnum ... því miður fyrir okkur núna, en skiljanlega vildi hann að við myndum vera helst bara íslensk, að það væri auðveldara fyrir okkur ... ég skil það fullkomlega.

Unnur: Soldið synd sko að við höfum aldrei lært víetnömsku ... þannig að maður sér soldið eftir því.

Aðrir viðmælendur ræddu beinum orðum um þörfina fyrir vitneskju um foreldra sína, afa og ömmur. Sum lýstu þessu með orðum sem vísuðu til sársauka og erfiðleika enda gengu víetnamskir flóttamenn undir lok áttunda áratugar síðustu aldar gegnum skelfilegar mannraunir – ofbeldi, hungur og sjávarháska. Sögur af þessu sátu greinilega í sumum. Unnur talaði til dæmis um vitneskju sína um mjög erfiðan flótta eldri fjölskyldumeðlima en lét þess jafnframt getið að vitneskjan væri dýrmæt. Sunna ræddi um verkefni sem hún vann í skóla þar sem hún komst að því hvað faðir hennar gekk í gegnum til að komast hingað og talaði um sorg í því sambandi en fannst samt betra að þekkja þessa sögu en að þekkja hana ekki. Fleiri töluðu samt um vanþekkingu sína og lýstu henni sem vöntun.

Hanna: Ég veit ekkert hver langamma mín og langafi minn eru í Víetnam. Ég veit það ekki. Ég veit ekki hvað þau heita, hvar þau búa. Þannig ég veit ekki neitt um þau.

R: Þú vilt vita meira um rætur þínar?

Finnur: Hárrétt ... sérstaklega líka ævisögu hans pabba. Pabbi sagði okkur aldrei sögur frá Víetnam eða neitt þannig, þannig að ég væri mjög mikið til í að vita ævisögu hans pabba þegar hann var í Víetnam, hvernig þetta var og allt það, þú veist Víetnam allar hefðirnar og og og hvernig fólkið lét og allt það. Af því ég veit allt það frá íslensku rótunum en ég veit ekki mjög mikið um víetnömsku ... rætur mínar. Ég væri mjög mikið til í að vita það.

Alda mælti líklega fyrir munn flestra úr hópnum þegar hún talaði um að hana vantaði eitthvað.

Alda: Ég þekki mjög lítið fjölskylduna hans pabba ... þú veist ég held að með Víetnam hliðina það eru allir enn þá að þjáast sálfræðilega ... þú veist það eru alltaf einhverjar rifur þarna á milli og þú veist það brýtur fjölskylduna soldið mikið.

R: Já ég skil, ég skil, finnst þér eitthvað vanta?

Alda: Auðvitað. Það vantar alltaf eitthvað.

Umræða

Eins og fram hefur komið var þessi rannsókn framkvæmd til að grafast fyrir um hvers vegna afkomendur flóttamanna frá Víetnam finna hjá sér þörf til að þekkja tungumál og menningu forfedra sinna og formæðra. Þessi þörf annarrar og þriðju kynslóðar er hluti af lífi þeirra þótt sú fyrsta hafi, eins og Anh-Dao Tran og Hanna Ragnarsdóttir (2022a) lýsa, gert fremur lítið til að miðla víetnamskri menningu til afkomenda sinna.

Fyrsta áratuginn eftir komu flóttamannanna árið 1979 var Víetnam lokað land og fólkið vissi ekki hvort það gæti nokkurn tíma farið þangað aftur eða myndað tengsl við fjölskyldu og vini sína þar. Þetta átti ef til vill sinn þátt í því að flestir viðmælendur okkar fengu litla kennslu í víetnömsku og lærðu lítið um menningu landsins. Það kann að virðast tilgangslaust að rækta tengsl við heim sem er handan lokaðra landamæra. Fyrsta kynslóðin var einnig upptekin af því að læra að lifa í nýju landi

í samræmi við hugmyndir um aðlögun eða samlögun sem þá voru uppi (Portes and Rumbaut, 2001; Alba og Nee, 2003) og vildi, að því virðist, fremur horfa til framtíðar en að rifja upp sársaukafulla og erfiða fortíð. Þau voru eins og Finnur sagði „að reyna að komast inn í íslenska samfélagið“ og „ekki mikið að kynna okkur fyrir víetnamska kúltúrnum.“ Það er freistandi að skoða orð Öldu í lok niðurstöðukaflans í ljósi þessa. „Það vantar alltaf eitthvað“ segir hún en útskýrir ekki hvað það er. Það er eins og hana skorti orð til að greina frá vöntun sinni því áhersla þeirra eldri í fjölskyldunni á samlögun varð til þess að hún missti tengsl við málið og sögurnar sem gera venjurnar sem mótuðu hana skiljanlegar.

Í viðtölunum kemur fram að flóttamennirnir sögðu börnum sínum og barnabörnum lítið af sínu fyrra lífi en viðtölin segja lítið um hverjar skýringarnar eru. Þessi þögn er rannsóknarefni og vera má að hún eigi eitthvað sameiginlegt með þögn annars fólks sem hefur upplifað ofbeldi, niðurlægingu, lífsháska og erfiðleika á mörkum þess sem menn geta þolað.

Kröfur og hugmyndir um samlögun áttu þátt í því að eldri kynslóðin uppfyllti ekki þörf barna sinna og barnabarna fyrir skilning á málinu og menningunni sem mótaði þau. Þau litu því flest á sig sem Íslendinga, „alla vega svona 90%“ eins og Logi orðaði það. Víetnam átti samt stað í hjarta þeirra allra og þau voru mótuð af lífssýn og siðferði í anda konfúsíanismans sem endurspeglast í *Söngnum um Kieu* og er ríkjandi þáttur í menningu Víetnam. Þau höfðu áhuga á að afla sér þekkingar á landinu og menningu þess og voru eins og Amartya Sen (2022) stolt af tvöföldum uppruna sínum. Þau langaði að læra málið, heimsækja landið og reyndu að viðhalda sumum hefðum þaðan, einkum í matargerð. Einn viðmælandinn, Sunna, sagðist vera „stelpa frá Víetnam sem býr á Íslandi“ og virtist líta á sig sem Víetnama ekki síður en Íslending. Eins og fram kom þar sem minnst var á endurminningar Amartya Sen (2022) þarf eitt heimili ekki að útloka annað. Ef sjálfið á rætur í tveimur löndum þá eru heimalöndin tvö en ekki eitt.

Tvöfaldur uppruni færði sumum viðmælendum okkar frelsi og styrk af því tagi sem Parekh (2006) ræðir. Þetta kom til dæmis fram í máli Baldurs sem gat skoðað hvora menninguna um sig, þá íslensku og þá víetnömsku, af sjónarhóli hinnar. Eins gat Sunna beitt fyrir sig íslensku mati á því hvað væri við hæfi að stúlkur gerðu þegar hún vildi iðka íþróttir þótt hún liti annars á sig sem Víetnama. Það sem Parekh segir um margbreytileika innan menningar hvers hóps endurspeglast líka í viðtölunum þar sem fólk sagði til dæmis frá því að í Ameríku væri „allt öðruvísi víetnömsk menning.“

Þau einkenni víetnamskrar menningar sem birtust með skýrustum hætti í viðtölunum voru virðing fyrir þeim eldri í fjölskyldunni og áhersla á skyldurækni og gildi lærdóms og menntunar. Þessi einkenni tengjast konfúsíanisminum sem hefur mótað víetnamskt samfélag um aldir. Þau voru hluti af sjálfi viðmælenda sem kölluðu fjölskylduböndin „sterkasta lím í heimi“ og ræddu um áherslu á menntun sem hafði „borað sig djúpt inn í heilann.“ Þeir lýstu því sem vöntun að þekkja ekki menninguna sem mótaði þessar hefðir og þessi gildi og sum orð þeirra um þau efni tjáðu missi og eftirsjá. Að læra víetnömsku var þeim mikilvægt, ekki bara vegna nytjagildis þess að kunna tungumál, heldur vegna þess að menningin sem tengist málinu var hluti af sjálfi þeirra. Þeir ólust upp við gildismat sem var að hluta til víetnamskt án þess að læra að rökræða um það.

Gögnin sem rannsókn okkar byggist á eru viðtöl við fáeina einstaklinga sem eiga ættir að rekja til Víetnam. Þau veita innsýn í líf nokkurra fjölskyldna en gefa ekki tilefni til að alhæfa um stærri hóp. Þau vísa samt á eina mögulega leið til að skilja þörfina sem fólk hefur fyrir tengsl við eigin rætur. Með því að tengja orð viðmælenda við kenningu Deweys um að sjálfið sé mótað af venjum getum við skilið þessa þörf sem þörf fyrir sjálfsþekkingu og stjórn á eigin lífi. Niðurstöður okkar sýna líka hvernig áhersla á samlögun getur verið varhugaverð ef hún vinnur gegn því að fólk haldi tengslum við rætur sínar.

Ef það sem Dewey (1922/1983) sagði um félagslega mótun sjálfsins er rétt þá er þekking á hefðum og gildum eigin uppalenda sjálfsþekking, því sjálfið er mótað af venjum sem ganga frá kynslóð til kynslóðar hvort sem þær eru eða eru ekki meðvitaðar og tjáðar með orðum. Standist það sem

hann sagði um sjálfsstjórn og tök á tilverunni þá er þessi þekking forsenda þess að vera fyllilega frjáls – að geta ígrundað eigin venjur og stjórnað eigin lífi með því að vega þær og meta og laga að aðstæðum. Þörfin fyrir þekkingu á máli og menningu Vietnam sem viðmælendur tjáðu er af sama meiði og þörf okkar allra fyrir sjálfsþekkingu og frelsi.

Fjármögnun

Rannsóknin var styrkt af RANNÍS Rannsóknarsjóði og Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands.

Heimildaskrá

- Anh-Dao Tran, (2015). *Untapped Resources or Deficient 'Foreigners': Students of Vietnamese Background in Icelandic Upper Secondary Schools* [Doktorsritgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/23419>
- Alba, R. D. og Nee, V. (2003). *Remaking the American Mainstream: Assimilation and Contemporary Immigration*. Harvard University Press.
- Atli Harðarson. (2010). Inn við beinið: Um sjálf og sjálfsþekkingu. *Hugur*, 22, 198–210.
- Bauböck, R. (2001). Cherishing Diversity and Promoting Political Community [Review of *Rethinking Multiculturalism: Cultural Diversity and Political Theory*, by B. Parekh]. *Ethnicities*, 1(1), 109–115. <http://www.jstor.org/stable/23890382>
- Birgir Guðmundsson og Grétar Þór Eypórsson. (2020). Félagsleg og pólitísk þátttaka innflytjenda á Íslandi. Í Markus Meckl og Hermína Gunnþórsdóttir (ritstj.), *Samfélag fjölbreytileikans: Samskipti heimamanna og innflytjenda á Íslandi* (bls. 52–71). Háskólinn á Akureyri.
- Braun, V. og Clarke, V. (2021). *Thematic Analysis: A Practical Guide*. Sage Publications.
- Bretell, C. B. og Hollifield, J. F. (2015). Migration Theory. Í C. B. Bretell og J. F. Hollifield (ritstj.), *Migration Theory: Talking Across Disciplines* (bls. 1–36). Routledge.
- Couture, A. L., Zaidi, A. U. og Maticka-Tyndale, E. (2012). Reflexive Accounts: An Intersectional Approach to Exploring the Fluidity of Insider/Outsider Status and the Researcher's Impact on Culturally Sensitive Post-Positivist Qualitative Research. *Qualitative Sociology Review*, 8(1), 86–105. <https://doi.org/10.18778/1733-8077.8.1.05>
- Darder, A., Baltodano, M. P. og Torres, R. D. (2009). Critical Pedagogy: An Introduction. Í A. Darder, M. P. Baltodano og R. D. Torres (ritstj.), *The Critical Pedagogy Reader* (2. útg., bls. 1–20). Routledge.
- Dewey, J. [1922] (1983). *The Middle Works of John Dewey 1899–1924. Volume 14, 1922: Human Nature and Conduct*. Southern Illinois University Press.
- Drouhot, L. G. (2024). Assimilation Theories in the 21st Century: Appraising Accomplishments and Future Challenges. *International Migration Review*, 58(4), 1974–2011. <https://doi.org/10.1177/01979183241274747>
- Erla S. Kristjánsdóttir og Þóra H. Christiansen. (2019). „Hana langar ekki að missa mig“: Upplifun háskólamenntaðra innflytjenda frá Filippseyjum af samskiptum og aðlögun á íslenskum vinnumarkaði. *Íslenska þjóðfélagið*, 10(2), 48–62. <https://ojs.hi.is/index.php/tf/article/view/3896>
- Gainé, C. (2005). *We're All White, THANKS: The Persisting Myth About 'White' Schools*. Trentham Books.
- Gestur Guðmundsson. (2008). *Félagsfræði menntunar*. Skrudda.
- Hagstofa Íslands. (2024). Mannfjöldi eftir sveitarfélögum, kyni, ríkisfangi og ársfjórðungum 2011–2024. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar_mannfjoldi_1_yfirlit_arsfjordingustolur/MAN10001.px/
- Hanna Ragnarsdóttir. (2007). Grunnigildi skólafarfa í fjölmenningsarsamfélagi. *Uppeldi og menntun*, 16(1), 109–112.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2011). Líf og störf ungra innflytjenda: Reynsla ungmenna af tíu ára búsetu á Íslandi. *Uppeldi og menntun*, 20(2), 53–64.
- Harðarson, A. (2023). Education for Self-Control: Some Similarities Between Dewey's Experience and Education and Locke's Theory of Rational Agency. *Education and Culture*, 38(2), 47–65. <https://docs.lib.purdue.edu/eandc/vol38/iss2/art4/>
- Kivisto, P. (2004). What is the Canonical Theory of Assimilation? *Journal of the History of the Behavioral Sciences*, 40(2), 149–163. <https://doi.org/10.1002/jhbs.20013>
- Konfúsíus. (1989). *Speki Konfúsíusar* (Ragnar Baldursson, þýð.). Íðunn.
- Leirvik, M. S. og Fekjær, S. N. (2011). Silent Gatitude: Education Among Second-generation Vietnamese in Norway. *Journal of Ethnic and Migration Studies*, 37(1), 117–134. <https://doi.org/10.1080/1369183X.2011.521365>
- Lichtman, M. (2013). *Qualitative Research in Education: A User's Guide*. Sage Publications.
- Markus Meckl og Hermína Gunnþórsdóttir. (2020). Inngangur. Í Markus Meckl og Hermína Gunnþórsdóttir (ritstj.), *Samfélag fjölbreytileikans: Samskipti heimamanna og innflytjenda á Íslandi* (bls. 5–12). Háskólinn á Akureyri.
- Nguyen, Du. (2012). *Kieu: The Tale of a Beautiful and Talented Girl* (Michael Counsell, þýð.). Michael Counsell. <https://www.amazon.com/Kieu-beautiful-1765-1820-Translated-Vietnamese-ebook/dp/B00A51VTJK/>
- Nodelman, D. J. (2013). Culturally Responsive Methodology within an Aesthetic Framework. Í M. Berryman, S. Soohoo og A. Nevin (ritstj.), *Culturally Responsive Methodologies* (bls. 149–173). Emerald.
- O'Flannery, E. (1961). Social and Cultural assimilation. *The American Catholic Sociological Review*, 195–206. <https://doi.org/10.2307/3709117>

- Parekh, B. (2006). *Rethinking Multiculturalism: Cultural Diversity and Political Theory*. Palgrave Mcmillan. (Upphaflegt útgáfuár 2000)
- Pham, T. H. (2022). Social Integration Problems of Vietnamese Migrants and their Descendants into Czech Society: Empirical Study from Brno, the Czech Republic. *Journal of Identity & Migration Studies*, 16(2), 24–43. <https://www.proquest.com/scholarly-journals/social-integration-problems-vietnamese-migrants/docview/2739475169/se-2?accountid=135705>
- Portes, A. og Rumbaut R. G. (2001). *Legacies: The Story of the Immigrant Second Generation*. University of California Press.
- Rumbaut, R. G. (1999). Assimilation and Its Discontents: Ironies and Paradoxes. Í C. Hirschman, P. Kasinitz, og J. DeWind (ritstj.), *Handbook of International Migration, The: The American Experience* (bls. 172–195). Russell Sage Foundation. <http://www.jstor.org/stable/10.7758/9781610442893.17>
- Safi, M. (2024). Immigration Theory Between Assimilation and Discrimination. *Journal of Ethnic and Migration Studies*, 50(1), 173–202. <https://doi.org/10.1080/1369183X.2023.2207250>
- Sam, D. L. og Berry, J. W. (2010). Acculturation: When Individuals and Groups of Different Cultural Backgrounds Meet. *Perspectives on Psychological Science*, 5(4), 472–481. <https://doi.org/10.1177/1745691610373075>
- Sen, A. (2022). *Home in the World: A Memoir*. Liveright. <https://www.amazon.com/gp/product/B098TZGZ6T/>
- Stephan G. Stephansson. (1939). *Andvökur; úrval*. Mál og menning.
- Terry Gunnell. (2003). Vatnið og uppsprettan: Þjóðtrú og þjóðsiðir víetnamskra innflytjenda í Reykjavík. *Skírnir*, 177(2), 89–108.
- Tingvold, L., Hauff, E., Allen, J. og Middelthon, A.-L. (2011). Seeking Balance Between the Past and the Present: Vietnamese Refugee Parenting Practices and Adolescent Well-being. *International Journal of Intercultural Relations*, 36(4), 563–574. <https://doi.org/10.1016/j.ijintrel.2012.03.004>
- Tran, AD. og Ragnarsdóttir, H. (2019). Students of Vietnamese Heritage: What Are Their Academic Experiences in Icelandic Upper Secondary Schools? In *Immigration and Refugee Policy: Breakthroughs in Research and Practice* (bls. 187–204). IGI Global. <http://dx.doi.org/10.4018/978-1-5225-8909-9.ch011>
- Tran, AD. og Ragnarsdóttir, H. (2022a). Home and Away for Forty Years: Transitional processes of Vietnamese refugees journey seeking liberty in Iceland. Í S. S. Singh, O. Jovanovic og M. Proyer (ritstj.), *Perspectives on Transitions in Refugee Education. Ruptures, Passages, and Re-Orientations* (bls. 239–254). Verlag Barbara Budrich. <https://doi.org/10.2307/j.ctv32bm1gz.19>
- Tran, AD. og Ragnarsdóttir, H. (2022b). Vietnamese and Syrian refugees in Iceland: Acculturation and Integration in Society and Schools, 1979-2016. *Tertium Comparationis: Journal für International und Interkulturell Vergleichende Erziehungswissenschaft*, 28(2), 159–176. <https://www.proquest.com/scholarly-journals/vietnamese-syrian-refugees-iceland-acculturation/docview/2688598475/se-2>
- Truong, D. T. (2013). *Confucian Values and School Leadership in Vietnam* [doktorsritgerð, Victoria University of Wellington]. <http://researcharchive.vuw.ac.nz/bitstream/handle/10063/2774/thesis.pdf>
- Vuong, G. T. (1976). *Getting to Know the Vietnamese and their Culture*. Ungar Pub. Co.
- Yao, X. (2000). *An Introduction to Confucianism*. Cambridge University Press.
- Zhou, M og Bankston, C. L. (1994). Social Capital and the Adaptation of the 2nd Generation - the Case of Vietnamese Youth in New Orleans. *International Migration Review*, 28(4), 821–845. <https://doi.org/10.1177/019791839402800409>

Um höfunda

ANH DAO TRAN (adt@hi.is) er rannsóknasérfræðingur við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsgráðu í menntavísindum frá Háskóla Íslands árið 2015.

ATLI HARÐARSON (atlivh@hi.is) er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann lauk doktorsgráðu í menntavísindum frá Háskóla Íslands árið 2013.